

Tinova Traditional Allround Oil

Pallaolía

Efnislýsing

Tinova Traditional Allround Oil er pallaolía sem hefur einstaka eiginleika til að smjúga vel inn í viðinn. Olían inniheldur vatnsfráhrindandi efni og hindrar þannig rakaupptöku, minnkar sprungumyndun og viðheldur náttúrulegu útliti viðarins. Tinova Traditional Allround Oil er ætluð til notkunar á mismunandi tegundir viðar utanhúss, s.s. furu, greni, sedrus, lerki og harðvið. Hún fæst glær og í mörgum litum.

Meðhöndlun

1. Áður en olía er borin á pallinn skal fylgja hreinsunarverklýsingunni í „Að hreinsa og olíubera palla og skjólveggi“ á heimasíðu Sérefna.
2. Undirlagið skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viðnum).
3. Látið flötinn þorna vel áður en Tinova Traditional Allround Oil er borin á.
4. Berið á 1-2 umferðir af Tinova Traditional Allround Oil; þörfin veltur á því hve vel viðurinn mettast. Athugið að mikilvægt er að þurrka burt umframolíu eftir 3-5 mínútur svo ekki myndist þykk filma á viðnum. Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast að búa til færsluskil (aukalitstyrk) á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun.
5. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal velja minni litstyrk eða jafnvel glært næst þegar borið er á flötinn.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks. Málið aldrei þegar hitastig er undir 5°C eða við hátt rakastig (>80%). Pallaolían þarf um 6 klst til að þola rigningu.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki máliningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Þurrrefni: 45%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 8 klst

Yfirmálun: 16 klst

Hiti við málun: minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Hreinsuð terpentína

Verkfæri: Penslar

Þekja: 8-10 m²/l á nýjan við, 10-12 m²/l á þéttan við og við sem áður hefur verið borið á

Umbúðir: 1 og 5 lítra dósir

Hreinsun: Hreinsuð terpentína

Geymsla: Í frostfríu rými

Síðast endurskoðað í júlí 2024